

FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐUR

Vinnureglur Fræðslu- og verkefnasjóðs, settar af stjórn sjóðsins.

1. MARKMIÐ OG STARFSEMI

Markmið Fræðslu- og verkefnasjóðs er að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélagshreyfingarinnar í samræmi við stefnu UMFÍ, m.a. með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun í félagsmálum og félagsstarfi.

Stjórn UMFÍ skipar stjórn sjóðsins á milli þinga. Kjörtímabil sjóðsstjórnar er samhliða kjörtímabili stjórnar UMFÍ, eða tvö ár. Sjóðsstjórn er skipuð þremur einstaklingum og einum til vara.

Tekjur sjóðsins er 7% af lottótekjum samkvæmt reglugerð um úthlutun lottótekna.

Úthlutun úr sjóðnum fer fram tvisvar sinnum á ári.

Vinnureglum sjóðsins er ætlað að auka gagnsæi og tryggja fagleg vinnubrögð sjóðsstjórnar.

Rétt til umsóknar úr sjóðnum eiga sambandsaðilar UMFÍ, aðildarfélög sem eru virk í starfi og deildir innan þeirra.

Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita styrki úr sjóðnum að eigin frumkvæði til verkefna sem ekki teljast til árlegra verkefna hreyfingarinnar.

Sjóðurinn styrkir ekki tækja-, áhalda- og búnaðarkaup, fundakostnað (þ.m.t. veitingar) og almennan rekstur félaga. Sjóðsstjórn er heimilt að kveða nánar á um þetta í vinnureglum sínum, sbr. 3. gr.

2. ÁHERSLUR Í ÚTHLUTUNUM

Í samræmi við reglugerð sjóðsins leggur sjóðsstjórn m.a. áherslu á að veita styrki til verkefna sem:

- eru til þess að fallin að auka þekkingu og fagmennsku innan félags með fræðslu, fyrirlestrum og/eða námskeiðum.
- stuðla að aukinni útbreiðslu og/eða stofnun félags eða deilda.
- stuðla að aukinni þekkingu og varðveislu á menningu og sögu félags.
- eru í samræmi við auglýst áhersluatriði sjóðsins hverju sinni.
 - Fyrir úthlutanir 2023 er lögð áhersla á útbreiðslu- og fræðsluverkefni. Að þessu sinni verður horft sérstaklega til verkefna sem stuðla að hreyfingu fyrir alla, sérstaklega ungt fólk.
 - Þá eru veittir styrkir til að stunda rannsóknir á ýmsum þáttum íþróttastarfsemi í landinu.

- Einnig er horft til verkefna sem eru unnin fyrir börn og ungmenni og/eða með virkri þátttöku þeirra, þjálfun forystufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða, nýjungar og þróunarverkefni.
- Einnig er horft til þess að styrkja átaksverkefni til aukinnar þátttöku á Unglingalandsmóti UMFÍ 2023.

6. grein reglugerðar sjóðsins segir: Sjóðurinn styrkir **ekki** tækja-, áhald- og búnaðarkaup, fundakostnað (þ.m.t. veitingar) og almennan rekstur félaga.

3. FERLI UMSÓKNA

Tveimur mánuðum fyrir hverja úthlutun er fresturinn auglýstur með því að senda kynningarpóst á sambandsaðila, sett er auglýsing á vef UMFÍ, samfélagsmiðla, í rafrænt fréttabréf og aðra miðla eftir því sem við á. Í auglýsingum eftir umsóknum í sjóðinn skal fylgja með slóð á vefsíðu UMFÍ. Þar komi fram nánari upplýsingar um sjóðinn, yfirlit yfir þá styrkþega, styrkuppþæðir og verkefni sem hafa hlotið styrk úr sjóðnum.

Skilafrestur umsókna er annars vegar til og með 1. maí og hins vegar til og með 1. nóvember ár hvert. Ef skiladag ber upp á helgi þá er næsti virki dagur síðasti skiladagur.

Umsóknum skal skilað á rafrænu formi sem finna má á heimasíðu UMFÍ.

Umsækjendur þurfa að fylla út alla liði umsóknarinnar.

Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til að afla sér nánari upplýsinga en þeirra sem fram koma á umsóknareyðublaði og leita umsagna annarra aðila.

4. MAT Á UMSÓKNUM

Sjóðsstjórn metur hverja umsókn samkvæmt eftirfarandi kvarða. Umsókn þarf að hljóta að lágmarki **50 stig** til þess að vera metin styrkhæf. Ef velja þarf úr styrkhæfum umsóknum, gildir stigaröðun umsókna, þ.e. stigahæstu umsóknirnar fá styrk.

MATSPÁTTUR			
Verkefni er áhugavert, vel skilgreint, hefur gildi fyrir starf félagsins og fellur undir reglugerð sjóðsins um styrkt verkefni.	Efni sem liggur til grundvallar umsókn er mjög áhugavert, vel skilgreint, hefur mikið gildi og fellur með skýrum hætti undir reglugerð sjóðsins. (60 stig)	Efni sem liggur til grundvallar umsókn er sæmilega áhugavert og skilgreint, hefur sæmilegt gildi og fellur undir reglugerð sjóðsins. (30 stig)	Efni sem liggur til grundvallar umsókn er illa útfært og/eða fellur illa eða ekki undir reglugerð sjóðsins. (0 stig)
Verk- og tímaáætlun: <ul style="list-style-type: none"> Líklegt að markmið náist. Skilgrein og vel útfærð. 	Vinnulýsing er vel skilgreint, sannfærandi og líklegt að markmið náist. (20 stig)	Vinnulýsing er sæmilega skilgreind. (10 stig)	Vinnulýsing er óraunhæf og illa skilgreind. (0 stig)
Þekking, reynsla og faglegur bakgrunnur umsækjanda og annarra þátttakenda.	Líklegt að umsækjandi og þátttakendur nái settu markmiði. (10 stig)	Sæmilega líklegt að umsækjandi og þátttakandi nái settu markmiði. (5 stig)	Ekki líklegt að umsækjandi og þátttakendur nái settu markmiði. (0 stig)
Fjárhagsáætlun og fjárhagsgrundvöllur verkefnis og/eða hvort umsækjandi hafi hlotið aðra styrki.	Fjárhagsáætlun er vel unnin og trúverðug og fjárhagsgrundvöllur verkefnis virðist traustur. (10 stig)	Fjárhagsáætlun er sæmilega vel unnin og fjárhagsgrundvöllur verkefnis sæmilega traustur. (5 stig)	Fjárhagsáætlun er ekki trúverðug og fjárhagsgrundvöllur verkefnis óljós og/eða mjög ótryggur. (0 stig)

5. ÁKVÖRÐUN UM VEITINGU STYRKJA

Sjóðsstjórn ákvarðar um veitingu styrkja hverju sinni. Stjórnin viðhefur vönduð vinnubrögð og byggir ákvarðanir sínar á málefnalegum sjónarmiðum. Hún gætir jafnræðis við mat umsókna og ákvörðun um úthlutun.

Styrkur er að öllu jöfnu aldrei hærri en 50% áætlaðs styrkhæfs kostnaðar, eða að hámarki 300.000 kr. Sjóðsstjórn getur þó veitt hærri styrki í undantekningar- tilfellum.

Umsækjendur geta óskað eftir rökstuðningi sjóðsstjórnar við sinni umsókn.

6. EFTIRYLGNI VEGNA VEITTRA STYRKJA

Upplýsa skal umsækjendur um ákvörðun sjóðsstjórnar, með tölvupósti, innan mánaðar frá umsóknarfresti.

Styrkþegar þurfa að skila inn skýrslu á þar til gerðu rafrænu formi til þess að fá styrk greiddan út. Í skýrslunni skulu koma fram upplýsingar um nýtingu styrksins, fyrirkomulag, helstu efnisatriði og árangur. Að auki skulu koma fram upplýsingar um alla kostnaðarliði og í viðhengi skulu fylgja með afrit af reikningum fyrir útlögðum kostnaði.

Sjóðsstjórn mælir eindregið með því að skýrslu sé skilað sem allra fyrst eftir að verkefni lýkur.

Sé styrkur ekki sóttur innan 24 mánaða fellur hann niður, sbr. 7. grein reglugerðar sjóðsins.

7. GAGNSÆI OG EFTIRFYLGNI STJÓRNAR UMFÍ


Sjóðsstjórn skilar inn fundargerð til stjórnar UMFÍ eftir hverja úthlutun þar sem m.a. er gerð grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins.

Allar úthlutanir eru birtar og aðgengilegar á heimasíðu UMFÍ.

Rekstrar- og efnahagsreikningur sjóðsins er birtur árlega í ársskýrslu UMFÍ.

Það endurskoðunarfélag sem sinnir endurskoðun reikninga UMFÍ hverju sinni, er jafnframt endurskoðunarfélag sjóðsins.

Fyrir hönd sjóðsstjórnar 2021 – 2023.



Sigurður Óskar Jónsson, formaður.